

**Ed.** **443. Frumvarp til laga** [234. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

**1. gr.**

2. mgr. 15. gr. orðist svo:

Ráðherra skipar þá stjórn verkamannabústaða í sveitarfélaginu. Í stjórn þessari eiga sæti sjö menn, sem skipa skal þannig: Þrír eftir tilnefningu sveitarstjórnar, þrír eftir tilnefningu húsnæðismálastjórnar og einn eftir tilnefningu verkalýðsfélaga í sveitarfélaginu. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi hinna tilnefndu manna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera fjögur ár.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Breyting sú, sem felst í frumvarpi þessu, er aðeins í því fólgin, að fjölgað verði í stjórn verkamannabústaða úr sex í sjö, þannig að húsnæðismálastjórn tilnefni þrjá menn í stað tveggja eins og gildandi lög ákveða.